

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Gunnlaugur Róbertsson,  
skipulagsstjóri  
Hafnarbraut 27  
780 HÖFN

Garðabær, 02. maí 2017  
2017040016/42-0  
TB  
jgo/tb

### Skipulagslýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030, umsögn

Vísað er til bréfs frá sveitarfélaginu Hornafjörður, dags. 10. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030.

Um er að ræða nokkrar breytingar á aðalskipulaginu vegna þjónustu við ferðamenn þar sem landbúnaðarsvæðum er breytt í verslunar- og þjónustusvæði og tvær breytingar þar sem landbúnaðarsvæði verði breytt í iðnaðarsvæði þ.e. á Hnappavöllum, afhendingarstað fyrir rafmagn, tengivirki, og í Birnudal í Suðursveit þar sem gert er ráð fyrir 2 MW virkjun.

Eins og kemur fram í kafla 1.1. er tilgangurinn með gerð skipulagslýsingar að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess. Í skipulagslýsingunni er fyrst og fremst komið inn á þá þætti sem snúa að hlutverki Náttúrufræðistofnunar undir kafla 3.5. Í þessum kafla mætti vera tilvísun í lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og þær greinar laganna sem geta átt við um gerð skipulagsáætlana til að gera hann skýrari. Hér er bæði átt við að fjallað verði um það í skipulaginu hvernig það samrýmist almennum markmiðum laganna s.s. 1., 2. og 3. gr. þeirra en einnig að fjallað verði um hugsanlegar skipulagsbreytingarnar í tengslum við einstakar greinar. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru vissulega flestar á svæðum sem nú eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði, utan virkjun í Birnudal sem er á svæði á náttúruminjaskrá en um slík svæði gilda ákveðnar reglur samkvæmt lögum um náttúruvernd. Framangreindar lagagreinar geta því ýmist átt við eða ekki. Þegar fjallað er um fjölgun ferðamanna er mikilvægt að einblína ekki eingöngu á viðkomandi þjónustusvæði heldur þarf einnig að skoða óbein áhrif eins og truflun á dýralífi, sérstaklega á ákveðnum tímum árs, ef það á við.


Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnunni byggji á sem



bestum þekkingargrunni og alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að farið verði í framangreinda skipulagsvinnu.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

